

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**742. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 19. mars 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
2. Bréf Mennta-og menningarmálaráðuneytisins.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 13. mars s.l. þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Jónínu Kristjánsdóttur f.h. Hótel Foldar um leyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitinga og gististaði. Sótt er um leyfi til að reka hótel í flokki V yfir veitingastaði og veitingastofu í flokki II yfir veitingastaði að Þorfinnsstöðum Vesturhópi, 531 Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
2. Lagt fram bréf Mennta-og menningarmálaráðuneytisins dags. 2. mars s.l. þar sem kannaður er áhugi sveitarfélagsins á að leysa til sín eignir sem eru í sameign ríkisins og Húnaþings vestra. Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga. Samþykkt að taka á dagskrá.
3. Lagt fram til kynningar bréf Forsætisráðuneytisins dags 6. mars s.l. svar við erindi Húnaþings vestra um heimild til rannsókna og nýtingar jarðvarma á hverasvæðinu að Reykjum í Hrutafirði.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:40

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Einar Böðvarsson.

Ragnar S. Helgason

Guðrún Ragnarsdóttir,skrifstofustjóri

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg

Sigurður Kjartansson